

Bláskógabyggð
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 22. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0066
LA

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingar Bláskógabyggðar innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita, dags. 21. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 vegna uppbyggingar innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Aðalskipulagsbreytingarnar sem tengjast uppbyggingu innviða innan Þjóðgarðsins eru:

- Stækkun á verslunar- og þjónustusvæðinu VÞ2 þar sem gert er ráð fyrir byggingu tveggja nýrra þjónustumiðstöðva og öðrum innviðum, s.s. 550 - 700 bílastæðum.
- Staðsetning tveggja nýrra vatnsbóla og skilgreining vatnsverndarsvæða (brunn-, fjar- og grannsvæða).
- Nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Valhallarstíg, sunnan við Kúatorfu (Valhallarstígur Nyrðri 8).

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð skipulagsins og telur miður að hafa ekki haft meiri tíma til að rýna skipulagsbreytingarnar á eins mikilvægu náttúruminjasvæði og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er. Stofnunin áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir þegar breytingar á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar verða auglýstar síðar á árinu.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sterka lagalega umgjörð varðandi vernd á náttúru- og menningarminjum. Í lögum þjóðgarðsins (nr. 47/2004) kemur fram að þjóðgarðurinn er friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, að hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinlega eign íslensku þjóðarinnar. Þá kemur skýrt fram í 3. gr. að land þjóðgarðsins er friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Í 5. gr. stendur að óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsabygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda.

Í reglugerð fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum (nr. 848/2005) er tilgangurinn að stuðla að varðveislu þjóðgarðsins á Þingvöllum, friðlýstum helgistað íslensku þjóðarinnar, verndun náttúru, lífríkis og sögulegra minja með það að markmiði að gæta ásýndar þjóðgarðsins og viðhalda þar upprunalegu náttúrufari.



Þá hafa verið sett sérstök lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess (nr. 85/2005) og á grunni þeirra laga reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns (nr. 650/2006).

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO árið 2004 vegna menningarminja en er jafnframt á yfirlitsskrá heimsminja frá 2011 vegna náttúruminja. Vegna þessa bera íslensk stjórnvöld ábyrgð á því að vernda sérstöðu heimsminjasvæðisins.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð hefur skipulagsvald á svæðinu en út frá ofangreindu er ljóst að engar framkvæmdir eru leyfðar innan þjóðgarðsins án samþykkis Þingvallanefndar. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvernig eða hvort samráð hefur verið haft við Þingvallanefnd vegna skipulagsbreytinganna. Þá er í gildi stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum frá 2019. Hvernig samræmist skipulagsbreytingin stefnu þjóðgarðsins? Hvaða áhrif hafa skipulagsbreytingarnar á samning íslenskra stjórnvalda um heimsminjasvæðið?

Mikilvægt er að skipulag innan þjóðgarðsins byggi á þolmarkagreiningum til að hægt sé að meta raunverulega þörf fyrir innviðauppbýggingu vegna ferðamanna. Í greinargerðinni kemur fram að gerðar hafa verið kannanir á gestum þjóðgarðsins er varðar þolmörk ferðamannastaða út frá upplifun/ásýnd o.fl. Þessar kannanir voru gerðar 2014-2015, og í heimsfaraldrinum 2019 og 2020. Náttúrufræðistofnun telur að þessar kannanir gefi ekki góða mynd af stöðunni í dag og bendir einnig á þörfina á þolmarkagreiningu fyrir náttúrufar svæðisins, þ.e. hvað getur náttúrufar svæðisins tekið við mörgum gestum án þess að verða fyrir neikvæðum áhrifum? Í heimsfaraldrinum kom í ljós að ferðaþjónusta getur tekið snöggum breytingum. Þetta er raunveruleiki sem þarf að taka tillit til í framtíðinni, ásamt náttúru- og loftslagsvá.

Náttúrufræðistofnun vill taka fram að það er aðdáunarvert hvernig staðið hefur verið að rekstri þjóðgarðsins og starfsmenn hans staðið sig með þryði að taka á móti öllum þeim fjölda gesta sem þangað sækja. Stofnunin telur að þjónustusvæði innan þjóðgarðsins eigi að vera á vegum þjóðgarðsins þar sem framfylgt er stefnu þjóðgarðsins. Uppbygging innan þjónustusvæðis VP2 í höndum rekstraraðila á ekki rétt á sér nema að það sé gert í samráði við Þingvallanefnd og þjóðgarðsvörð. Þá telur Náttúrufræðistofnun verulega neikvætt að í skipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu á tveimur þjónustumiðstöðvum innan VP2, þar sem hvor miðstöð fyrir sig hefur yfir 300 bílastæði og allt að 15 rútustæði. Stofnunin telur að hér sé verið að ganga á náttúrufar þjóðgarðsins og náttúrulegri ásýnd svæðisins verði raskað varanlega.

Í niðurstöðum umhverfismatsins stendur „*Fyrirhugaðar framkvæmdir á Þingvallasvæðinu munu raska gróðri og jarðmyndunum og jafnframt hafa áhrif á ásýnd og landslag, alveg sama hvaða leið verður valin til uppbyggingar.*“. Náttúrufræðistofnun bendir á það þarf að fara sérstaklega varlega með allt skipulag og uppbyggingu innan þjóðgarðsins og það er ekki sjálfgefið að fjölga þjónustusvæðum á kostnað náttúrufars og landslags svæðisins sem hefur nú þegar sterka lagalega vernd. Stofnunin hvetur sveitarfélagið til að huga að skipulagningu á t.d. bílastæðum og þjónustusvæðum fyrir rekstraraðila utan þjóðgarðsmarka.

Aðalskipulagsuppdráttur sem sýnir breytingar á aðalskipulagi er ekki nógu skýr. Ekki fylgja með upplýsingar um þverstrikuðu svæði innan þjóðgarðsins. Dökkgrænt svæði er skýrt sem skógræktar- og landgræðslusvæði sem á ekki við innan þjóðgarðsins. Þetta græna svæði á skipulagsuppdrætti nær hins vegar yfir sambærilegt svæði og sett er fram í stefnumörkun þjóðgarðsins frá 2019 fyrir landnotkun og skipulag Þingvalla sem miðar að því að vernda ásýnd,



menningarlandslag og vistkerfi svæðisins. Samkvæmt stefnumörkun þjóðgarðsins er gert ráð fyrir að heildarásýnd náttúru- og menningarminja breytist ekki innan græna svæðisins á aðalskipulagsupprættinum.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum skipulagsins.

Virðingarfyllst,



Lovisa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

